

ANTIÐVA EHF 2019

# Selvatn

Fornleifaskráning vegna breytingar á deiliskipulagi

---

Ragnheiður Traustadóttir



Forsíðumynd: Einfalt garðlag undan girðingu.

Ritstjóri: Ragnheiður Traustadóttir

Uppsetning: Ragnheiður Traustadóttir

Kortagerð: Ragnheiður Traustadóttir

[www.antikva.is](http://www.antikva.is)

Útgefandi: Antikva ehf.

ISBN númer: 978-9935-9509-5-6

Ljósmyndir í ritinu eru teknar af höfundum nema að annað sé tekið fram

@ Ragnheiður Traustadóttir

## Efnisyfirlit

|                                              |    |
|----------------------------------------------|----|
| Efnisyfirlit .....                           | 3  |
| Inngangur .....                              | 5  |
| Fornleifaskráningar .....                    | 5  |
| Skráningarsvæðið .....                       | 7  |
| Tilgangur fornleifaskráningar.....           | 7  |
| Fornleifaskráning og aðferðir .....          | 11 |
| Jarðarnúmer .....                            | 12 |
| Tegund, hlutverk og heiti.....               | 12 |
| Staðsetning.....                             | 12 |
| Staðhættir og lýsing .....                   | 12 |
| Hættumat .....                               | 13 |
| Fornleifar á svæðinu.....                    | 13 |
| Miðdalur [225] .....                         | 14 |
| Leið [1977], vörður [1975, 1978-1979].....   | 14 |
| Garður - girðing [1981] garðlag .....        | 15 |
| Óþekkt, stekkjjarleifar [1976] hleðsla ..... | 16 |
| Samantekt og niðurstöður.....                | 16 |
| Heimildir .....                              | 18 |
| Árnastofnun - Örnefnasafn .....              | 18 |

## Myndaskrá

|                                                                                                  |    |
|--------------------------------------------------------------------------------------------------|----|
| Mynd 1 Skráningarsvæðið eru gulu lóðirnar á myndinni.....                                        | 6  |
| Mynd 2 Skjáskot af landfræðilega skráningargrunninum fyrir fornleifaskráningu í Mosfellsbæ. .... | 7  |
| Mynd 3 Skráningarform í Mosfellsbæjargrunninum sem fylgir stöðlum Minjastofnunnar Íslands.....   | 11 |
| Mynd 4 Yfirlitskort af minjum á svæðinu.....                                                     | 13 |
| Mynd 5 Varða [1978] - hrúga við leiðina.....                                                     | 14 |
| Mynd 6 Vörðubrot [1978], varðan er hrunin.....                                                   | 15 |
| Mynd 7 Leifar af hleðslu rétt við Selvatn. ....                                                  | 16 |

## Inngangur

Að beiðni Hildigunnar Haraldsdóttur, fyrir hönd landeiganda, tók Ragnheiður Traustadóttir fornleifafræðingur, Antikva ehf., að sér fornleifaskráningu vegna breytingar á deiliskipulagi frístundahúsa úr landi Miðdals sem Hildigunnur Haraldsdóttir fyrir Hús og skipulag ehf. er að vinna.

Skipulagssvæðið er norðan við Selvatn þar sem nú er frístundabyggð og um er að ræða sex nýja byggingarreiti miðað við núverandi skipulag en fyrir eru nokkur sumarhús.

Svæðið var allt innan hinna fornu landamarka Miðdals en eins og nafnið á vatninu og önnur örnefni benda til, s.s. Litla-Sel, Litla-Selsvík, Víkursel og Selbrúnir, var seljabúskapur á fyrri tímum á svæðinu og seljatóftir hafa fundist við austurenda Selvatns utan skipulagssvæðisins.

Farið var á vettvang með landeigendum og svæðið skoðað. Á skipulagssvæðinu voru skráðar fornleifar, leið, þrjár vörður og vörðubrot og leifar af hleðslu. Auk þess var garðlag mælt upp undan girðingu. Minjarnar eru lítilfjörlegar og illa varðveittar nema þá helst leiðin. Leiðin hefur varðveist vegna notkunar á síðari tímum.

Skráningin fól í sér athugun á fyrri skráningum, heimildasöfnun, vettvangsskráningu og úrvinnslu, mat á minjum innan skipulagssvæðisins, svo sem hættumat, og skýrslu- og kortagerð. Við fornleifaskráninguna var farið eftir stöðlum Minjastofnunar Íslands.

Skýrsluhöfundar sáu um vettvangsvinnu og heimildavinnu.

Með skýrslunni stafrænn hnitagrunnur.

## Fornleifaskráningar

Í skýrslunni *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ* sem var gefin út árið 2006 er rakin saga Miðdals og á jörðinni voru skráðar 73 fornleifar.<sup>1</sup> Sú skýrsla var unnin upp úr eldri skráningargögnum en skipuleg skráning fornleifa í Mosfellsbæ hófst árið 1980 og var fyrsta skráning sinnar

---

<sup>1</sup> Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*, 92-111.

tegundar á Íslandi. Í skýrslunni er að finna góðar lýsingar á fornleifum í sveitarfélaginu en hún er háð þeim takmörkunum að minjar voru ekki allar settar á kort og þær sem hafa ratað inn á vefsíða sveitarfélagsins eru oft ekki nákvæmlega staðsettar enda voru mælingartæki á þeim tíma ekki jafn nákvæm og þau eru í dag.



Mynd 1 Skráningarsvæðið eru gulu lóðirnar á myndinni.

## Skráningarsvæðið

Skipulagssvæðið er við Selvatn og eru tveir byggingareitir alveg niður við vatn en fjórir byggingarreitir eru um það bil 250 m norðan við vatnið.

Svæðið allt er innan hinna fornu landamarka jarðarinnar Miðdals.



Mynd 2 Skjástot af landfræðilega skráningargrunninum fyrir fornleifaskráningu í Mosfellsbæ.

## Tilgangur fornleifaskráningar

Samkvæmt 4. mgr. 3. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 (mml.), sem tóku við af þjóðminjalögum nr. 107/2001 1. janúar 2013, njóta fornleifar friðunar og eru þannig verndaðar gegn hvers kyns raski.

Í 3. mgr. 3. gr. mml. eru fornleifar skilgreindar með svofelldum hætti:

„Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhusa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bóllum, mórgröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.“

Í 21. gr. mml. er kveðið á um verndun fornleifa:

„Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.

Minjastofnun Íslands gerir nauðsynlegar ráðstafanir til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en áður skal gera landeiganda eða ábúanda viðvart um þær. Ef nauðsyn krefur lætur Minjastofnun Íslands rannsaka fornleifar með uppgrefti eða á annan hátt.“

Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Minjastofnun Íslands, sbr. 38. gr. mml., og án tafar skv. 1. mgr. 23. gr. megi ætla að þær séu í hættu.

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausum. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum. Í þessu tilviki, þar sem unnið er að deiliskipulagi á útvistarsvæði, verða til möguleikar á að kynna og nýta minjar á svæðinu.

Ekki er það síður hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmunum fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal skv. 16. gr. mml. fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi.

Skulu skipulagsyfirlönd hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum.

Skipulagsyfirlönd skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum.

Almennt er æskilegt að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Minjastofnun Íslands um framkvæmdirnar með sannanlegum hætti með minnst fjögurra vikna fyrirvara eins og segir í 23. gr. mml. Enn fremur segir að Minjastofnun Íslands ákveði að undangenginni vettvangsskönnun hvort frekari rannsóknar sé þörf, hvort gera skuli tillögu um friðlýsingu eða hvort fornleifarnar megi víkja og þá með hvaða skilmálum.

Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda fyrr en ákvörðun Minjastofnunar Íslands liggur fyrir.

Í 2. mgr. 28. gr. mml. segir að framkvæmdaraðili greiði kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.

| Attribute        | Value                                                           |
|------------------|-----------------------------------------------------------------|
| Name             | Leið                                                            |
| Class            | Arkeológiska object                                             |
| Sérheiti         |                                                                 |
| Bæjarnafn        | Miðdalur                                                        |
| Jarðatal Johnsen | 225                                                             |
| Flokkun          | Samgönguminjar                                                  |
| Tegund           | Gata                                                            |
| Efni             | <None>                                                          |
| Lengd            | 266 meter                                                       |
| Breidd           |                                                                 |
| Hæð              |                                                                 |
| Athugasemdir     | Hún hefur verið mæld á skipulagssvæðinu og 240 m lengra norður. |
| Umhverfi         | Í þýfum móa og mel                                              |
| Adalsvæði        | Selvatn                                                         |
| Heimildir        |                                                                 |
| Örnefnaskrá      |                                                                 |
| Aldur            | 1500-1900                                                       |
| Skráning         | RT                                                              |
| Mæling           | Uppmælingar                                                     |
| Ár               | 2019                                                            |
| Dagur            | 07.10.2019                                                      |
| Horfin           | Að hluta                                                        |
| Horfin_astæða    | <None>                                                          |
| Hættumat         | <None>                                                          |
| Hættuorso        | <None>                                                          |
| Ástand           | Illgreinanlegar fornleifar                                      |
| GPS hnit Norður  | 6406035                                                         |
| GPS hnit Vestur  | 2137291                                                         |
| Verkefni         | Deiliskipulag Selvatn                                           |
| Sveitarf         | Mosfellsbær                                                     |
| Friðað           | Já                                                              |
| Hlutverk         | Leið                                                            |

Mynd 3 Skráningarform í Mosfellsbæjargrunninum sem fylgir stöðlum Minjastofnunnar Íslands.

## Fornleifaskráning og aðferðir

Við fornleifaskráninguna voru fornleifar flokkaðar allar undir jörðina Miðdal. Fjallað er um hvern minjastað fyrir sig. Ljósmyndir voru teknar og gerð kort auk þess sem minjarnar voru hnitsettar og færðar inn á loftljósmynd frá Loftmyndum ehf.

### Jarðarnúmer

Minjar eru auðkenndar með númeri og sérheiti þeirra ef við á, til dæmis „Miðdalur [225]“ og hlutverki þeirra, til dæmis „leið [1977]“, síðan er tegund „gata“ nefnd á eftir númeri til frekari skýringar. Ef stendur *heimild* á eftir númeri þá hafa ekki fundist fornleifar á vettvangi. Fyrsta númer innan hornklofa er númer skráningarinnar í landfræðilega gagnagrunni Mosfellsbæjar yfir fornleifar, örnefni og sögulegar minjar.

### Tegund, hlutverk og heiti

Tegund og hlutverki minja er eins og venjan er um fornleifaskráningar lýst í fáum orðum, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum.

Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu þótt þeirra sé getið í heimildum og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild“ sé til um til dæmis útihús. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjarnar sérnafn, til dæmis Miðdalur [225], er það sérstaklega skráð en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, til dæmis stígur eða varða.

### Staðsetning

Tekin voru GPS hnit á öllum minjum eða þær mældar upp með nákvæmu GPS mælingartæki úti á vettvangi og þau færð inn í landupplýsingagrunn Mosfellsbæjar, sem Antikva ehf. hefur hannað. Staðsetning þeirra er svo færð inn á loftmyndir frá Loftmyndum ehf. Í hjálagðri fornleifaskrá eru bæði gefin upp GPS hnit og hnit í landshnitakerfinu Ísnet 93 þegar við á.

Gögnum er einnig skilað í stafrænu formi í landupplýsingakerfi.

### Staðhættir og lýsing

Ávallt er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim og staðhátum lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, til dæmis vísað í aðrar heimildir.

## Hættumat

Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman að mást í burtu fyrir áhrif lofts eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs.

Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær ekki fundist við vettvangsskráninguna. Í þessu tilviki voru það engar fornleifar sem hafa horfið vegna framkvæmda og er eingöngu getið í heimildum.

## Fornleifar á svæðinu



Mynd 4 Yfirlitskort af minjum á svæðinu.

## Miðdalur [225]

Miðdalur hefur trúlega verið í eigu Viðeyjarklausturs en er fyrst getið í Fógetareikningum 1547-52 sem „Mýdall“ eða „Mijdall“, þá í eigu konungs. Árið 1704 er hún ennþá konungsjörð og ábúandi einn. Árið 1847 er Miðdalur hins vegar kominn í bændaeign (J. Johnsen). Þess ber að geta að fyrr á öldum hafa margar hjáleigur heyrt undir Miðdal. Flestar virðast þó hafa farið í eyði snemma, jafnvel fyrir 1700. Má þar nefna Miðdalskot, Sólheimakot, Borgarholt eða Borgarkot, Búrfellskot og Búrfell.<sup>2</sup> Í skráningarskýrslunni fornleifar í Mosfellsbæ voru 72 fornleifar skráðar á jörðinni og voru fimm margar skráðar við Selvatn. Engin þeirra var þó skráð á þessu skipulagssvæði.



Mynd 5 Varða [1978] - hrúga við leiðina.

### Leið [1977], vörður [1975, 1978-1979]

Leiðin sem var skráð ásamt tveimur vörðum sést ágætlega ofan við húsið Seltjörn og hægt er að rekja hana langt norður í átt að Miðdal en sums staðar hverfur hún. Hún hefur varðveist

<sup>2</sup> Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*, 92.

mjög vel við sumarhúsið vegna þess að hún hefur verið notuð áfram þar. Leiðin hefur sennilega legið niður að vatninu að Urriðanefi, Litlu Selsvík og Bleikjunefi, og verið leið til að komast að selinu og veiðinni. Ekki sést leiðin fyrir neðan sumarhúsið eða niðri við vatnið en þar hafa verið byggðir sumarbústaðir og selið við Litlu Selsvík hefur sennilega farið undir sumarhúsið Fálheim eða Litlasel þegar þar var byggt á sínum tíma. Austur af Selvatnsenda er enn að finna tóftir af selsminjum sem eru langt fyrir utan skipulagssvæðið. Þrjár vörður eru að finna á svæðinu og eru tvær þeirra innan skipulagssvæðisins. Varða [1979] er hrúga fast við leiðina en varða [1978] er lítillaga hrunin varða ofan á stórum stein. Þriðja varðan [1975] sem er 95 m austan og norðan við skipulagssvæðið er heillegust. Sennilega er hún selsvarðan sem bendir á hvar selið hefur verið. Hún var mæld inn.



Mynd 6 Vörðubrot [1978], varðan er hrunin.

### **Garður - girðing [1981] garðlag**

Einfalt garðlag sem er ca. 11 m langt og hefur sennilega verið undan girðingu, því það má sjá ennþá línu eftir garðinum í umhverfinu sem fer hornrétt á fallna girðingu fyrir ofan

skipulagssvæðið. Sennilega er þetta girðing á milli sumarhúsalóða á svæðinu, þ.e.a.s. Seltjarnar og Fálkheim. Garðurinn var mældur upp. Þetta garðlag hefur lítið varðveislugildi og er ill greinanlegt. Sjá forsiðumynd.



Mynd 7 Leifar af hleðslu rétt við Selsvatn.

### Óþekkt, stekkjarleifar [1976] hleðsla

Við Selvatnið er að finna leifar af hleðslu sem er illa varðveitt. Hugsanlega hefur þetta verið stekkur eða lítið aðhald. Hleðslan er sokkin og er norðurveggurinn ca. 1,5 m einföld steinaröð mosi vaxinn. Grenitré hefur verið plantað í tóftina fyrir allöngu og hefur það raskað þessum minjum. Varðveislugildi er því lítið.

### Samantekt og niðurstöður

Á svæðinu hefur verið skráð undir fjórum númerum fornleifar. Það eru leið [1977], vörðubrot [1975-1978] og leifar af hleðslu [1976]. Einnig er skráð garðlag [1981] sem ekki telst til fornleifa. Auk þess var varða [1979] mæld inn en hún er langt fyrir utan skipulagssvæðið. Allar minjar voru mældar inn og eru þær allar utan eiginlegt framkvæmdasvæðisins nema

leiðin [1977] og varða [1979]. Varðan hefur lítið varðveislugildi enda fallin og er grjóthruga í dag.

Leiðin er fyrir ofan sumarhúsið og er enn notuð og því hefur hún haldist við en hún er miklu ógreinilegri þegar komið er út fyrir skipulagssvæðið þó hún sjáist samt þar á köflum.

Hleðslan er við Selvatn þar sem nú stendur lítið hús og er mjög lítill fjörleg vegna rask frá trjárækt. Hún er ekki frekari hættu vegna framkvæmda sem eru langt frá henni.

Hrunin varða [1978] er á mörkum skipulagssvæðisins sem hefur lítið varðveislugildi. Varða [1975] sem er langt fyrir utan skipulagssvæðið hefur minjagildi því hún er ennþá nokkuð heilleg og hefur sennilega verið kennimark fyrir Selið, selsvarðann.

Það er harla ólíklegt að fleiri minjar séu að finna á svæðinu en minnt er á að ekki er víst að allar minjar á svæðinu sjáist á yfirborðinu eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar koma í ljós á framkvæmdasvæðinu ber að stöðva framkvæmdir, varast frekara rask og tilkynna þegar í stað um fundinn til Minjastofnunar Íslands, sbr. 38. gr. mml. Minjastofnun Íslands metur eðli þeirra og umfang og hvort rannsókna sé þörf áður en framkvæmdir halda áfram.

Er því beint til framkvæmdaraðila að reyna að sneiða hjá fornleifum og komast hjá því að raska þeim í lengstu lög. Í 21. gr. mml. segir um verndun fornleifa, að „jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, [megi] enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“

## Heimildir

Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner, Guðmundur Ólafsson, Ágúst Ó. Georgsson, Kristinn Magnússon og Bjarni F. Einarsson. *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*. Skýrslur Þjóðminjasafns Íslands. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands, 2006.

*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Gullbringu- og Kjósarsýsla*. III. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag í Kaupmannahöfn, 1923-1924.

*Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða í landinu*. Gefið út af J. Johnsen. Kaupmannahöfn, 1847.

*Gullbringu- og Kjósarsýsla*. Sýslu- og sóknalýsingar. Útg. Guðlaugur R. Guðmundsson og Svavar Sigmundsson. Reykjavík: Sögufélag, 2007.

## Árnastofnun - Örnefnasafn

Tryggvi Einarsson. *Örnefnalýsing Miðdals*. Örnefnastofnun Íslands.



|                                                          |  |                                 |                                     |
|----------------------------------------------------------|--|---------------------------------|-------------------------------------|
| <div>Deiliskipulag Selvatn</div> <div>Yfirlitskort</div> |  |                                 | Antikva ehf.                        |
|                                                          |  |                                 | Kortagerð: Ragnheiður Traustadóttir |
|                                                          |  |                                 | Skráning: RT 07.10.2019             |
|                                                          |  | <div>Kort</div> <div>Nr 1</div> | Dagsetning. 29.10.2019              |